

Reglur um tímabilsflokk

Með breytingum skv. reglum um breytingu á reglum um tímabilsflokk, dags. 8. mars 2018, skv. reglum um breytingu á reglum um tímabilsflokk, dags. 24. júní 2020, og skv. reglum um breytingu á reglum um tímabilsflokk, dags. 28. september 2020.

Gildissvið o.fl.

1. gr.

Söluflokkurinn tímabilsflokkur er ætlaður vörum sem einungis eru framleiddar á tilteknum árstíma eða hefðbundið er að bjóða til sölu á tilteknum árstíma.

Reglur þessar gilda m.a. um inntöku, innkaupafyrirkomulag og dreifingu vörutegunda í tímabilsflokki. Þá eru einstök sölutímabil skilgreind og viðmið um upphaf og lok hvers sölutímabils sett fram í reglum þessum.

Sölutímabil

2. gr.

Yfirlit yfir sölutímabil í tímabilsflokki eru birt í fylgiskjali nr. 1 með reglum þessum. Skulu þar viðmið fyrir upphaf og lok sölutímabils jafnframt tiltekin. Dagsetningarnar eru til viðmiðunar og er ÁTVR því heimilt að víkja óverulega frá þeim þegar sölutímabil eru auglýst hverju sinni.

Auglýsing

3. gr.

Hvert og eitt sölutímabil sem tiltekið er í fylgiskjali nr. 1 skal virkjað með því að birta sérstaka auglýsingu þess efnis. Leitast skal við að birta auglýsinguna eigi síðar 6 mánuðum fyrir söluupphaf.

ÁTVR er heimilt, en ekki skylt, að virkja árlega hvert sölutímabil sem tiltekið er í fylgiskjali nr. 1.

Í auglýsingu skulu m.a. koma fram, eftir því sem við á, upplýsingar um:

- a. upphaf og lok sölutímabils
- b. fresti til að skila útfylltu umsóknarformi
- c. lágmarks- og hámarksfjölda vörutegunda sem fá dreifingu í hvern stærðarflokk vínbúða
- d. frávik frá meginreglum um forgang til dreifingar sbr. 3. mgr. 10. gr. reglna þessara
- e. um framlegð síðastliðins sölutímabils

Umsókn

4. gr.

Umsókn er fullbúin þegar ÁTVR hefur, eftir því sem við á, mótttekið:

- a. útfyllt umsóknarform
- b. staðfestingu á greiðslu umsóknargjalds
- c. sýnishorn (af endanlegri gerð)
- d. vöruvottun.

Að liðnum auglýstum fresti til að fylla út umsóknarform skal ÁTVR birta dreifingaráætlun fyrir sölutímabil.

Dreifingaráætlun skal birt með fyrirvara um að umsókn verði samþykkt. Meðfylgjandi dreifingaráætlun skulu vera upplýsingar um hvenær fullbúin umsókn skuli hafa borist ÁTVR.

Fullbúin umsókn skal móttækin eigi síðar en þremur (3) vikum fyrir söluupphaf.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er fullnægjandi að afhenda fullbúna umsókn tveimur (2) vikum fyrir söluupphaf ef vara hlýtur eingöngu dreifingu í verslanir í stærðarflokki K6, [K7,]¹ K8 og K9.

Berist fullbúin umsókn eftir auglýst tímamark skv. 4. eða 5. mgr. er ÁTVR heimilt að takmarka dreifingu viðkomandi vöru frá því sem annars hefði orðið.

Berist fullbúin umsókn löngu eftir auglýst tímamark skv. 4. eða 5. mgr. er ÁTVR heimilt að hafna umsókninni.

ÁTVR er heimilt að framlengja umsóknarfrest ef móttækin fjöldi umsókna um sölu er minni en fjöldi vöruhegunda sem fyrirhugað er að bjóða til sölu á viðkomandi sölutímabili. Tímaröð móttækinnna fullbúinna umsókna skal þá ráða innbyrðis forgangi vöruhegunda til dreifingar og hlutkesti skal ráða ef framangreint dugar ekki til.

Hámarksfjöldi vöruhegunda á sölutímabili

5. gr.

[Almennt skulu ekki fleiri en sextíu (60) vöruhegundir boðnar til sölu á hverju sölutímabili.]²

Nú er móttækin fjöldi umsókna um sölu umfram hámarksfjölda skv. 1. mgr. og skal þá samsetning vöruvals vera sem hér segir:

- a. Vörur sem ekki voru boðnar til sölu á undanfarandi sölutímabili skulu skipa 20% af vöruvali (nýjar vörur). Hlutkesti skal ráða innbyrðis forgangi vara ef eftirspurn er umfram sætaframboð.
- b. Vörur sem boðnar voru til sölu á undanfarandi sölutímabili skulu skipa 80% af vöruvali (gamlar vörur). Söluárangur síðastliðins sölutímabils, skv. framlegðarskrá, skal ráða innbyrðis forgangi vara ef eftirspurn er umfram sætaframboð. Hlutkesti skal ráða innbyrðis forgangi vara ef söluárangur þeirra á síðastliðnu sölutímabili var jafn.

Inntaka (val) vöru í tímabilsflokki

6. gr.

Hafna skal umsókn um sölu á vöru í tímabilsflokki ef varan uppfyllir ekki annað hvort skilyrði skv. a eða b lið:

- a. að varan sé framleidd á tilteknum árstíma sem tengist sölutímabilinu
- b. að hefðbundið sé að bjóða vöruna til sölu á árstíma sem tengist sölutímabilinu.

Hafna skal umsókn um sölu á vöru í tímabilsflokki ef varan, eða mjög lík vara, er þegar hluti af vöruvali ÁTVR í öðrum söluflokki og/eða ef hún er boðin til sérpöntunar. Sama á við ef vara hefur nýlega lokið sölu samkvæmt framangreindu. Víkja má frá þessari reglu við sérstakar aðstæður.

Fyrirkomulag innkaupa og greiðslna

7. gr.

Um fyrirkomulag innkaupa gilda almennar reglur.

¹ Skv. 1. gr. reglna um breytingar á reglum um tímabilsflokki dags. 24. júní 2020.

² Skv. 2. gr. reglna um breytingar á reglum um tímabilsflokki dags. 24. júní 2020.

Um greiðslufyrirkomulag fyrir vöru í tímabilsflokki gilda ákvæði 49. gr. reglugerðar, nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi með síðari breytingum.

Brottfall úr tímabilsflokki

8. gr.

Vara fellur úr tímabilsflokki að loknu sölutímabili.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ÁTVR heimilt að selja upp mótteknar vörubirgðir að loknu sölutímabili nema fram komi ósk birgis um annað. ÁTVR er heimilt að selja óafhentar vörubirgðir í sérpöntun að loknu sölutímabili.

Merkingar

9. gr.

Almennar reglur gilda um merkingar vörutegunda í tímabilsflokki.

Dreifing

10. gr.

Við ákvörðun um dreifingu skal framlegð síðastliðins sölutímabils, skv. framlegðarskrá, ráða forgangi sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar, nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi með síðari breytingum.

Framlegð vöru sem kemur til eftir lok undanfarandi sölutímabils, sbr. 2. mgr. 8. gr., skal ekki hafa áhrif á ákvörðun um dreifingu skv. 1. mgr.

[Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. til að tryggja fjölbreytni í vöruvali sölutímabils, t.d. ef sama áfengið er boðið til sölu í ólíkum umbúðum, og þegar ætla má að framlegð gefi ekki rétta mynd af eftirspurn, t.d. þegar um dýra vöru er að ræða sem hefur háa framlegð þrátt fyrir fáar seldar einingar.]³

Gildistaka o.fl.

11. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi með síðari breytingum.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Reykjavík, 11. október 2016,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir

³ Skv. 3. gr. reglna um breytingar á reglum um tímabilsflokk dags. 24. júní 2020.

FYLGISKJAL NR. 1

Yfirlit yfir sölutímabil í tímabilsflokki

Heiti sölutímabils	Upphaf sölutímabils	Lok sölutímabils
Þorratímabil	Fimmtudagur [í vikunni] ⁴ fyrir bóndadag.	Síðasti dagur þorra.
Páskatímabil	Fimmtudagur, 5 vikum fyrir páska, þó aldrei fyrr en eftir konudag.	Síðasti laugardagur fyrir páska.
Sumartímabil	[2. maí] ⁵	31. ágúst.
Októberbjór	Síðasti fimmtudagur fyrir 20. september.	31. október.
Vetrartímabil	1. nóvember.	28. febrúar.
Jólatímabil	[Fimmtudagurinn á undan fyrsta föstudeginum í nóvember. Dæmi: ef 1. nóvember ber upp á föstudegi þá skal söluupphaf vera 31. október.] ⁶	[31. desember] ⁷

⁴ Skv. 4. gr. reglna um breytingar á reglum um tímabilsflokk dags. 24. júní 2020.

⁵ Skv. 1. gr. reglna um breytingar á reglum um tímabilsflokk dags. 8. mars 2018.

⁶ Skv. 1. gr. reglna um breytingar á reglum um tímabilsflokk dags. 28. september 2020.

⁷ Skv. 5. gr. reglna um breytingar á reglum um tímabilsflokk dags. 24. júní 2020.